

Mætt eru: Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Gunnar Jónsson og Anna Jóna Árnarsdóttir.

### 1. Varmadæla.

Rafey hefur unnið skýrslu og lagt mat á mismundandi kosti varmadæluupphitunar fyrir Végarð. Varmadæla loft í vatn og varmadæla loft í loft. Orkusparnaður er talinn meiri með loft í vatn dælu, en uppsetningar-og stofnkostnaður hærri. Hægt er að fá eingreiðslu til framkvæmdanna með því að fella niður hluta niðurgreiðslna á rafmagni. Þar sem aðstæður í húsinu henta, að því er húsnefnd sýnist heldur illa fyrir loft í vatn varmadælu, mælir húsnefndin með að sett verði loft í loft varmadæla í miðhæð hússins og að hámarki tekin 60% af niðurgreiðslu.

### 2. Staða pantana og notkun.

Porrablót 31/1, afmælisveisla Guðsteins Hallgrímssonar 14/3, aðalfundur Félags skógarbænda á Austurlandi 20/4, auk hefðbundinna funda s.s. íbúafunda, nefndafunda og funda sveitarstjórnar.

Pantanir sem liggja fyrir um leigu á húsinu í sumar: Brúðkaupsveisla 19-21/6, ættarmót 26-28/6 og 3-5/7. Tvær aðrar pantanir eru í vinnslu og 1 pöntun liggur fyrir um leigu á húsinu sumarið 2016 , þ.e. fyrir brúðkaupsveislu 22-24/7.

### 3. Gjaldskrá 2015

Samþykkt að stuðst verði við eftirfarandi viðmið:

Helgarleiga kr. 50.000,-

Sólarhringur kr. 25.000,-

Dagsleiga/fundir kr. 5-15.000,- eftir tímalengd.

Þrif : viðmið kr. 10.000,- ef kalla þarf út ræstingarstarfskraft til starfa s.s. eftir helgarleigu og húsinu er ekki skilað hreinu.

### 4. Samningur við Klausturkaffi

Húsnefnd leggur til við sveitarstjórn að eftirfarandi breyting verði gerð á 5. gr. gildandi samnings við Klausturkaffi, þannig að við greinina bætist eftirfarandi:

„Þegar Fljótsdalshreppur semur um leigugreiðslu til hússins vegna viðburða og Klausturkaffi ehf er söluaðili veitinga, greiðir Klausturkaffi ekki % af sinni innkomu , er tengist viðkomandi viðburði.“

Breytingin á greininni er lögð til þar sem í þessum tilvikum kemur tvígreiðsla til hússins.

### 5. Önnur mál.

- a) Skilti var komið upp við afleggjara heim að Végarði sl. sumar.
- b) Eignaskiptasamningi um lóð Végarðs hefur verið þinglýst.

- c) Í sturtuaðstöðu er málning farin að flagna, það þarf að laga fyrir sumarið og setja dúk eða flísar í sturtuhornið.
- d) Bregðast þarf við athugasemdum frá Mannvirkjastofnun vegna rafmagnstenginga á tjaldsvæði.
- e) Ábending hefur borist um að æskilegt væri að til væri gott píanó í Végarði til að nýta á samkomum. Jafnframt var bent á að mögulega er hægt að fá hljóðfæri frá Hallormsstað, þar sem skólahald er að leggjast af. Húsnefnd hvetur til að þessi mál verði skoðuð og jafnframt verði metið ástand þess píanós sem nú er í Végarði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.30

Gunnþórunn ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)

Gunnar Jónsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)